

Hafrannsóknastofnun

Fornubúðum 5  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 30. október 2020  
Tilvísun: 202007032 / 3.0

---

## Efni: Umsögn um tillögu að eldissvæðum í Fáskrúðsfirði

---

Þann 9. júlí 2020 lagði Hafrannsóknastofnun fram tillögu sína að skiptingu Fáskrúðsfjarðar í eldissvæði og óskaði eftir því að Skipulagsstofnun kynnti tillöguna og gæfi umsögn sbr. 4. gr. a í lögum um fiskeldi.

### KYNNING TILLÖGUNNAR

Skipulagsstofnun kynnti tillögu Hafrannsóknastofnunar þann 10. júlí 2020 á vefsíðum Skipulagsstofnunar, skipulag.is og hafskipulag.is og á Facebook-síðu stofnunarinnar auk þess sem tillagan var kynnt með tölvupósti til hagsmunaaðila sem skilgreindir eru í lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Kynningartíminn stóð til 14. ágúst 2020.

Eftirtaldir aðilar lögðu fram athugasemdir við tillöguna á kynningartímanum:

- Fiskeldi Austfjarða, dags. 24. ágúst 2020
- Icelandic Wildlife Fund, dags. 14. ágúst 2020
- Landgræðslan, dags. 14. ágúst 2020
- Landssamband veiðifélaga, dags. 14. ágúst 2020
- Matvælastofnun, dags. 12. ágúst 2020
- Minjastofnun Íslands, dags. 21. október 2020
- Náttúruverndarsamtök Austurlands, dags. 12. ágúst 2020
- Náttúruverndarsamtök Íslands, dags. 14. ágúst 2020
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 19. ágúst 2020
- Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, dags. 7. ágúst 2020
- Svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum, dags. 4. september 2020
- Vegagerðin, dags. 7. september 2020
- Veðurstofa Íslands, dags. 31. júlí 2020

Ofangreindar athugasemdir eru birtar í fylgiskjali með þessu bréfi.

## UMSÖGN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Hér á eftir fer umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu Hafrannsóknastofnunar um eldissvæði í Fáskrúðsfirði út frá verkefnum stofnunarinnar á sviði skipulagsmála og umhverfismats og þá sérstaklega samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða við gerð strandsvæðisskipulags. Í umsögninni er stuðst við þær athugasemdir sem bárust á kynningartíma tillögunnar, en umsögnin felur þó ekki í sér heildaryfirlit yfir efnisatriði innkominna athugasemda.

### Tillaga Hafrannsóknastofnunar

Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um þrjú eldissvæði í Fáskrúðsfirði. Í tillögunni er afmörkun eldissvæðanna gefin upp með hnitum auk þess sem hún er sýnd á mynd á forsíðu tillögunnar og gefinn upp hámarkslífmassi á hverju þeirra. Skipulagsstofnun telur æskilegt að í tillögunni séu skýrari myndræn gögn, svo sem uppdráttur í A4 eða A3.

Á tillöguupprætti á forsíðu eru sýnd bæði afmörkun eldissvæða og afmörkun svæða þar sem eru í gildi leyfi til fiskeldis. Eldissvæðin sem lögð eru til ná til sama svæðis og þau leyfi sem eru í gildi og gerir grafísk framsetning að verkum að afmörkun eldissvæða á upprætti er ekki nægilega skýr. Skipulagsstofnun mælir með að framsetning tillögunnar verði endurskoðuð þannig að gerð verði grein fyrir núverandi stöðu í firðinum í sérstökum kafla og á sérstökum upprætti, þar sem fram koma mörk þeirra svæða sem nú hafa leyfi og hámarkslífmassi á hverju þeirra. Á tillöguupprætti og í skýringartöflu með honum komi hinsvegar eingöngu fram þau ákvæði sem tillagan felur í sér varðandi afmörkun eldissvæða og hámarkslífmassa.

Í textaskýringum við töflu 1 yfir eldissvæði í Fáskrúðsfirði kemur m.a. fram: „Gert er ráð fyrir að eldissvæðin séu notuð til skiptis þannig að hvert eldissvæði sé nýtt í eldislotu á þriggja ára fresti“. Í forsendum ákvörðunar á bls. 3 segir hinsvegar: „Gert er ráð fyrir að stundað sé kynslóðaskipt eldi með þriggja ára eldisferli á þremur eldissvæðum og að sá árgangur sem stærstur er, sé um 75% af heildarlífmassa í eldi í firðinum þegar mest er eða á öðru ári í eldisferlinu. Aðrir árgangar í eldi í firðinum munu á sama tíma vera samanlagt 25% af heildarmassanum.“ Skýra þarf hvort að tillagan setur þau skilyrði að eldissvæði séu notuð til skiptis eða hvort heimilt er að stunda eldi á öllum eldissvæðum samtímis.

### *Fjarlægðarmörk frá ám*

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er kveðið á um að við skilgreiningu eldissvæða skuli taka tillit til ákvæða í 6. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar um fjarlægðartakmarkanir frá ám að fiskeldisstöð. Þar er kveðið á um að við leyfisveitingar eigi Matvælastofnun að tryggja að fjarlægð frá ám, með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu, að fiskeldisstöð sé ekki styttri en 5 km þegar um eldi á laxfiski er að ræða. Ekki er gerð grein fyrir því í tillögunni hvort að ár í Fáskrúðsfirði falla undir „ár með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu“ í skilningi reglugerðarinnar. Skipulagsstofnun telur að þetta þurfi að koma skýrt fram í tillögunni.

### *Áform um fiskeldi í Fáskrúðsfirði*

Skipulagsstofnun bendir á að Fiskeldi Austfjarða hefur tilkynnt til stofnunarinnar, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, áform um breytingar á eldissvæðum fyrirtækisins í Fáskrúðsfirði þ.e. við Eyri, Höfðahúsbót og Æðasker. Þar virðist fyrirtækið áforma fiskeldi utan þeirra eldissvæða sem Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um.

Engin áform um fiskeldi í Fáskrúðsfirði falla undir bráðabirgðaákvæði II í lögum um fiskeldi.

### Vinna við gerð strandsvæðisskipulags

Skipulagsstofnun vinnur nú að gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða, fyrir hönd svæðisráðs sem er skipað af umhverfis- og auðlindaráðherra og ber ábyrgð á gerð skipulagsins. Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á

fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga (netlaga) og út að viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði mun taka til svæðis sem nær frá Almenningsfles í norðri og að Hvítungum í suðri. Fáskrúðsfjörður er því hluti af því svæði sem tekið er fyrir í strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum.

Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum, þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsvinnunni, var kynnt í maí sl. Ábendingar og athugasemdir sem bárust við lýsinguna á kynningartíma hennar og viðbrögð svæðisráðs við þeim eru aðgengileg á [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is).

Í strandsvæðisskipulagi er sett fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd viðkomandi svæðis. Skipulagsgerðinni er ætlað að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku um framkvæmdir og starfsemi.

Í strandsvæðisskipulagi skal móta stefnu og ákvæði um ráðstöfun alls þess svæðis sem strandsvæðisskipulagið nær til. Þar er tekin afstaða til ólíkrar nýtingar og verndar og til þess hvernig ólík nýting spilar saman. Það getur meðal annars varðað orkuvinnslu, mannvirkjagerð, fiskeldi, efnistöku, vernd, samgöngur, útivist og ferðaþjónustu.

Í skipulagsvinnunni er horft heildstætt á margvíslega hagsmuni og sjónarmið sem vega þarf saman til að ákveða framtíðarnýtingu viðkomandi fjarða og flóa. Þar sem að strandssvæðisskipulag fyrir Austfirði liggur ekki fyrir er mikilvægt að við ákvörðun um eldissvæði til fiskeldis í Fáskrúðsfirði sé tekið mið af þeim gögnum sem fyrir liggja um aðra starfsemi og verndarsjónarmið. Að neðan er gerð grein fyrir ýmsum upplýsingum um nýtingu og vernd í Fáskrúðsfirði, sem m.a. hefur verið aflað í skipulagsvinnunni, og geta eftir atvikum haft áhrif á afmörkun eldissvæða.

Í athugasemdum Náttúruverndarsamtaka Austurlands er samspil milli vinnu við gerð strandsvæðisskipulags og ákvörðunar um eldissvæði til fiskeldis gert að umtalsefni, það er að segja að ákvörðun um eldissvæði sé tekin áður en umgjörð um starfsemi og vernd á skipulagssvæðinu í heild liggur fyrir í strandsvæðisskipulagi. Ólíkt vinnu við gerð strandsvæðisskipulags þar sem horft er heildstætt á margvíslega hagsmuni og sjónarmið um nýtingu og vernd strandsvæða byggist ákvörðun Hafrannsóknastofnunar aðallega á mati á eðlisrænum og líffræðilegum þáttum hafsins, en taka skal tillit til annarrar starfsemi á svæðinu, fyrirliggjandi umsókna um fiskeldi og strandsvæðisskipulags liggja það fyrir. Ákvörðun um eldissvæði er forsenda þess að sjávarútvegsráðherra geti úthlutað svæðum til fiskeldis í sjó. Má því segja að ákvörðunin ígildi afmörkun lóða fyrir fiskeldi. Með hliðsjón af markmiðum og tilgangi strandsvæðisskipulags sem fjallað er um hér að ofan og út frá sjónarmiðum um heildstæða stefnumótun um skipulagsmál á fjörðum og flóum tekur Skipulagsstofnun undir að æskilegra sé að strandsvæðisskipulag komi á undan eða samhliða afmörkun Hafrannsóknastofnunar á eldissvæðum fyrir fiskeldi. Lögin takmarka hinsvegar ekki að ákvörðun eldissvæði komi á undan.

### **Upplýsingar um nýtingu og vernd í Fáskrúðsfirði**

Mikilvægur hluti vinnu við gerð strandsvæðisskipulags felst í greiningu á forsendum skipulagsgerðarinnar, þ.e. greining á stöðu og þróun á skipulagssvæðinu, styrkleikum, áskorunum og tækifærum. Felst sú vinna meðal annars í að afla gagna um þá starfsemi sem fram fer á svæðinu, náttúrufar og samfélag. Þeirri vinnu er ekki að fullu lokið og því ekki hægt að gefa heildstætt yfirlit yfir forsendur skipulagsins á þessum tímamarki.

### *Siglingaleiðir*

Siglingar og siglingaleiðir er grundvallarhluti af nýtingu strandsvæða hvort sem það tengist samgöngum, veiðum eða annarri starfsemi á sjó. Umferð á strandsvæðum er eitt af viðfangsefnum í strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum og eru því siglingaleiðir málefni sem tekin verður afstaða til í skipulagsvinnunni. Í athugasemdum Samgöngustofu við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á

Austfjörðum komu fram sjónarmið um að mikilvægt sé að tryggja greiðar og öruggar siglingaleiðir og að mikilvægt sé að í strandsvæðisskipulagi séu afmarkaðar öruggar og greiðar siglingaleiðir til hafna þar sem ekki fari fram önnur starfsemi sem truflað geti öryggi siglinga. Þá telur Samgöngustofa að siglingaleiðir eigi að ganga fyrir annarri nýtingu sjávar og að annarskonar atvinnustarfsemi eigi að skipuleggja utan afmarkaðra siglingaleiða. Í athugasemd samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins við tillögu Hafrannsóknastofnunar er einnig fjallað um mikilvægi þess að taka tillit til siglingaleiða en einnig staðsetningarkerkja, eins og bauja, sem og skipalægja. Þá bendir ráðuneytið einnig á að hafa þurfi samráð við viðkomandi hafnarstjórn, Landhelgisgæsluna, Samgöngustofu og hafnadeild Vegagerðarinnar áður en tekin er ákvörðun um staðsetningu eldissvæða.

Í athugasemdum Vegagerðarinnar við framkomna tillögu Hafrannsóknastofnunar að eldissvæðum í Fáskrúðsfirði er bent á að eldissvæðin sem lögð eru til í tillögunni liggja inn á siglingaleið að Fáskrúðsfjarðarhöfn þ.e. að eldissvæðin séu innan þeirra leiðarkerkja sem eru til staðar í Fáskrúðsfirði. Skipulagsstofnun beinir því til Hafrannsóknastofnunar að taka tillit til þessa við endanlega ákvörðun um afmörkun eldissvæða í Fáskrúðsfirði í samráði við Vegagerðina.

### *Æðarvarp*

Í Fáskrúðsfirði er friðlýst æðarvarp á sjö stöðum. Við eldissvæðið Eyri/Fagraeyri er er æðarvarp og einnig við eldissvæðið við Æðasker (sjá kort). Skipulagsstofnun hefur bent á í álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum fiskeldis í Fáskrúðsfirði að óvissa sé um áhrif fiskeldis á fugla í fjörðum sem og á einstakar fuglategundir. Meðal óvissupátta er möguleg fjölgun máva í nágrenni sjókvía og áhrif þess á aðrar fuglategundir eins og æðarfugl. Að sama skapi er óvissa um hvort fiskeldi hreki fugla frá búsvæðum og hvaða þýðingu það hefur fyrir fuglalíf. Hefur stofnunin af þeim sökum mælt með því að í starfsleyfum fiskeldisstöðva séu sett skilyrði um vöktun á fuglalífi í nágrenni eldisstaða.

### *Náttúru- og menningarminjar*

Í Fáskrúðsfirði eru náttúruverndarsvæði og svæði sem þykja mikilvæg vegna dýralífs (sjá kort). Eyjan Skrúður, rétt utan við fjarðarmynnið, er friðlýst. Þar er mikið fuglalíf og hefur Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreint hana sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði ásamt Andey sem er einnig við mynni Fáskrúðsfjarðar. Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði segir um þessi svæði:

- Skrúður: Mikið fuglalíf er í Skrúði (Jóhann Óli Hilmarsson og Smári Brynjars-son 1997) og má þar helst nefna feiknastóra lundabyggð (149.100 pör). Auk lunda, nær langvía alþjóðlegum verndarviðmiðum (11.483 pör). Þar er einnig að finna þriðju stærstu súlubyggð landsins (6.051 par) og töluvert af ritu (6.692 pör).
- Andey: Í Andey er lundabyggð (15.000 pör) og einnig verulegt æðarvarp. Svæðið telst vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð (≥10.000 pör).

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að tvö svæði í Fáskrúðsfirði fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Þetta eru Skrúður og svæðið í kringum hann þar sem lagt er til að stækka verndarjaðar í kringum eyjuna og fjaran við Sævarendaströnd í sunnanverðum Fáskrúðsfirði sem liggur meðfram eldissvæði við Eyri eins og sjá má á korti.

Í Fáskrúðsfirði er einnig svæði á náttúruminjaskrá, Sandfell, en þar er sérstæður líparíteitill sem er hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð. Þá eru tvö svæði sem falla undir sérstaka vernd samkvæmt lögum um náttúruvernd, en það eru sjávarfitjar og leirur í botni Fáskrúðsfjarðar.

Við Andey og Æðarsker er selalátur en selir eru á valista spendýra.

Menningarminjar í sjó hafa ekki verið skráðar hjá Minjastofnun Íslands, en Ragnar Edvardson hefur unnið að rannsóknum á neðansjávarminjum við landið.



### Starfsemi og náttúruvernd við Fáskrúðsfjörð

- |                         |                                      |                             |                       |                                |
|-------------------------|--------------------------------------|-----------------------------|-----------------------|--------------------------------|
| Tillögur að eldissvæðum | Friðlýst æðarvarp                    | Aðrar náttúruminjar         | Mikilvæg fuglasvæði   | Afmörkun strandsvæðisskipulags |
| Leyfi fyrir fiskeldi    | Friðlýst svæði                       | Sjávarfítjar, sérstök vernd | Selalátur (landselir) | Þéttbýli                       |
| Vítar, dufl og sjómerki | Tillögur á B-hluta náttúruminjaskrár | Leirur, sérstök vernd       |                       |                                |



## Umhverfisáhrif fiskeldis

Skipulagsstofnun minnir á að sjókvíaeldi hefur ýmis umhverfisáhrif sem að hluta til ráðast af staðsetningu eldissvæða innan fjarða. Má þar nefna staðbundin áhrif á botn og botndýralíf, áhrif á villta laxfiska vegna laxa- og fiskilúsar, áhrif lyfjameðhöndlunar vegna lúsar á annað lífríki og áhrif eldismannvirkja á landslag og ásýnd svæða.

Skipulagsstofnun telur að almennt ætti að leitast við að staðsetja eldissvæði með tilliti til þess að villtir laxfiskastofnar verði fyrir sem minnstum áhrifum af mögulegri aukningu laxalúsar í nágrenni eldiskvía. Þá kann lyfjameðhöndlun vegna laxalúsar að hafa neikvæð áhrif á annað lífríki, til að mynda rækju og skelfisk. Því getur verið ástæða til að horfa til mögulegra áhrifa notkunar slíkra lyfja þegar staðsetning eldissvæða er ákvörðuð. Þá bendir Skipulagsstofnun á að dæmi eru um að fiskeldisfyrirtæki hafi óskað eftir breytingu á stærð og afmörkun eldissvæða í þeim tilgangi að hafa kost á því að snúa kvíaþyrpingum þvert á straumstefnu og þannig tryggja jafnari strauma og betra súrefnisflæði um eldiskvíar. Í umsögn Matvælastofnunar um tillögu að slíkri breytingu á eldissvæðum kom meðal annars fram að snúningur kvíaþyrpinga þvert á straumstefnu skilar sér í styrkari mótstöðu eldisfisks gegn sjúkdómsvöldum. Sé það raunin er mögulegt, að mati Skipulagsstofnunar, að draga úr lúsaálagi á villta laxfiska með því að snúa kvíaþyrpingum þvert á straumstefnu.

Einnig hafa fiskeldismannvirki áhrif á landslag og ásýnd fjarða. Vægi áhrifa fiskeldismannvirkja á landslag og ásýnd ræðst meðal annars af staðsetningu eldissvæða, til að mynda fjarlægð þeirra frá svæðum sem njóta verndar á grundvelli landslags eða fjarlægð þeirra frá fjölförnum leiðum og útivistarsvæðum.

Ester Anna Ármannsdóttir

Fylgiskjal: Athugasemdir sem bárust við tillögu Hafrannsóknastofnunar að eldissvæðum í Fáskrúðsfirði.